

**194. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
26. apríl 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2104193 - Gangstéttir - 2021

Tilboð voru opnuð í verkið "Gangstéttir 2021"

Eftirfarandi tilboð bárust:

Skóflan hf.: kr. 22.628.000

Roc ehf.: kr. 26.528.735

Kostnaðaráætlun: kr. 22.419.500

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lágstbjóðanda.

2. 2104187 - Skógarhverfi 3a - Gatnagerð-útboð

Tilboð í verkið "Skógarhverfi 3A - gatnagerð og lagnir veitukerfa".

Eftirfarandi tilboð bárust:

Þróttur ehf.: kr. 313.649.072

Skóflan hf.: kr. 289.289.900

Háfell ehf.: kr. 321.171.000

Kostnaðaráætlun leiðrétt: kr. 276.247.900

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við lágstbjóðanda.

3. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)

Tilboð í verkið "Brekubæjarskóli - Grundaskóli endurgerð lóða"

Eftirfarandi tilboð bárust:

Sumargarðar ehf. kr. 42.843.500

Lóðapjónustan ehf.: kr. 26.732.300

Þróttur ehf.: kr. 51.726.882

Kostnaðaráætlun: kr. 27.142.000

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verði til samninga við

lægstbjóðanda.

4. 1910179 - Fjöliðjan - uppbygging á Dalbraut 10

Bæjarráð óskar eftir að skipulags- og umhverfisráð vinni drög að erindisbréfi fyrir starfshóp um uppbyggingu Fjöliðjunnar. Drögin verði vísað til umsagnar í velferðar- og mannréttindaráði og aftur til bæjarráðs til endanlegrar samþykktar.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi.

5. 2103319 - Framkvæmdanefnd Höfða - úrsögn úr nefnd

Tilnefning nýs fulltrúa í framkvæmdanefnd Höfða í stað Karls Jóhanns Haagensen.

Bæjarráð vísaði erindinu til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisráði.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

6. 2104204 - Slökkvilið - tækjakaup

Bréf Jens H. Ragnarssonar slökkviliðsstjóra um kaup á bifreið.

Skipulags- og umhverfisráð beinir því til bæjarráðs að gerður verði viðauki vegna kaupa á útkallsbíl vegna slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Skoðað verði með aðkomu Hvalfjarðarsveitar að kaupunum áður en endalega fjárhæð í viðauka verður ákveðin.

7. 2104223 - Götur - hreinsun

Hreinsun gatna á Akranesi m.a. í ljósi mikilla framkvæmda.

Skipulags- og umhverfisráð beinir því til rekstarastjóra áhaldahúss að farið verði í reglulega hreinsun gatna á Akranesi í maí mánuði.

8. 2104125 - Skólabraut 35a - bílastæði innan lóðar

Fyrirspurn um að setja bílastæði innan lóðar.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu.

9. 2104132 - Hagafliót 3 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Sótt er um leyfi til að byggja gróðurskála á lóð við Hagafliót 3.

Skipulags- og umhverfisráð frestar málinu til næsta fundar og óskar eftir fullnægjandi gögnum.

10. 2103129 - Deiliskipulag Skógarhverfis 3C og 5

Lögð fram sameiginleg skipulagslýsing fyrir Deiliskipulag Skógarhverfi áfanga 3C og Deiliskipulag Skógarhverfi 5.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði auglýst.

11. 2102286 - Golfvöllur - Hótel

Forsvarsmenn Golfklúbbsins Leynis mæta á fundinn.

Rakel Óskarsdóttir framkvæmdastjóri Leynis, Pétur Ottesen formaður Leynis og Óli Björgvin Jónsson varaformaður Leynis, sátu fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í hugmyndir forsvarsmanna Leynis um að hefja skipulagsferli sem miðar að því að heimila hótélbyggingu á starfssvæði Golfklúbbsins Leynis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.